

**Ed.**

**918. Frumvarp til laga**

**[363. mál]**

um breytingu á lögum um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun sem fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum sem gilda um póstmál og fjarskipti.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta og rekstrarhluta.

Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í aðalsvið.

Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í póst- og símaumdæmi.

Hverju aðalsviði stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdastjórar aðalsviða vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum.

Umdæmisstjórar annast rekstur póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og annan þann rekstur á vegum Póst- og símamálastofnunar í umdæminu sem þeim er falinn samkvæmt rekstraráætlunum og öðrum fyrirmælum er gilda um stofnunina.

5. gr.

7. gr. laganna falli brott.

6. gr.

1. másl. 8. gr. laganna orðist svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðalsviða og umdæmisstjórum stofnunarinnar.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í stofnuninni skal starfa starfsmannaráð skipað fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

8. gr.

4. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Tekjur samkvæmt gjaldskrá skulu nægja til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.